



Alþingi

Erindi nr. P 132/1584
komudagur 11. 4. 2006

Reykholti, 10. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu héraðsvega, 310. mál.

Við er til bréfs frá Alþingi, dags. 27. mars 2006, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu héraðsvega. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 4. apríl 2006 og var eftirfarandi fært til bókar við afgreiðslu erindisins:

Lagt fram bréf frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 27. mars 2006, þar sem nefndin sendir til umsagnar þingsályktunartillögu um uppbyggingu héraðsvega. Sveitarstjórn fagnar framkominni þingsályktunartillögu, enda hafa aukin fjárframlög til safn- og tengivega verið baráttumál sveitarfélaga á Suðurlandi til margra ára. Ástand tengi- og safnvega á Suðurlandi er slæmt þegar á heildina er litið og viðhald þeirra lítið. Þrátt fyrir þetta gegna þeir æ stærra hlutverki með sívaxandi umferð sem augljóslega mun aukast áfram á næstu árum. Miklar breytingar hafa orðið í atvinnulífi til sveita sem hafa leitt af sér mun meiri umferð en áður var og umferð ferðamanna bæði innlendra og erlendra hefur stóruaukist enda eru margir vinsælustu ferðamannastaðir landsins á Suðurlandi. Mikilvægt er að gert verði áttak í uppbyggingu tengi- og safnvega á Suðurlandi.

Þessi afgreiðsla og umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar staðfestist hér með.

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar

